



Reykjavík mánudagur, 12. október 2020

UMSÖGN

Viðtakandi: Skipulags- og samgönguráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins vegna fyrirhugaðrar legu borgarlínu í gegnum Breiðhöfða (US200183)

Á fundi skipulags- og samgönguráðs dags. 10.júní 2020 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnafulltrúa Miðflokksins. Málinu var vísað til umsagnar hjá umhverfis- og skipulagssviði, skipulagsfulltrúa:

Kynnt hefur verið að borgarlína eigi að liggja í gegnum Breiðhöfða í Reykjavík.

- 1. Hvenær er áætlað að deiliskipuleggja þetta svæði?*
- 2. Er búið að ræða við rekstraraðila á þessu svæði um fyrirhugaðar breytingar?*
- 3. Er Reykjavíkurborg búin að skipuleggja nýjar lóðir fyrir þá aðila sem reka bílakjarnann við Breiðhöfða og sambærilega starfssemi, ef þeir þurfa að víkja vegna borgarlínu?*
- 4. Er Reykjavíkurborg búin að bjóða þessum aðilum nýjar lóðir fyrir rekstur sinn?*

Svar við fsp:

1. Deiliskipulag fyrir Ártúnshöfða, Elliðaárvog er í vinnslu og voru frumdrög skipulagsins síðast kynnt á fundi skipulags- og samgönguráði 1.apríl 2020. Stefnt er að því að ljúka við gerð deiliskipulagsins fyrir lok árs 2020 en málið færi þá í formlegt auglýsingaferli. Um eru að ræða tvær deiliskipulagstillögur sem eru í samhlíða vinnslu.
2. Reykjavíkurborg hefur gert samstarfssamning við stærstu lóðarhafa á svæðinu sem eru Klasi og Heild fasteignafélag. Fulltrúa þessara aðila sitja ásamt fulltrúum borgarinnar í stýrihópi verkefnisins og taka að fullu þátt í að móta skipulagstillögur og aðrar útfærslur. Þær skipulagstillögur sem eru nú í vinnslu ná til afmarkaðs hluta af Elliðaárvogi, Ártúnshöfða og eingöngu yfir umræddar lóðir sem eru í eigu ofantaldra aðila. Rekstraraðilar á svæðinu hafa verið upplýstir um að verið sé að skipuleggja svæðið til annarra nota og hafa samtöl og viðræður við rekstraraðila átt sér stað í nokkurn tíma.
3. Reykjavíkurborg hefur ekki sérstaklega farið í að skipuleggja nýjar lóðir fyrir rekstraraðila sem reka bílakjarnann við Breiðhöfða eða aðra sambærilega starfssemi. Helstu atvinnusvæði í jaðri borgarinnar eru Esjumelar, Hólmsheiði og í Höllum, Hamrahlíðarlöndum en eingöngu er til gilt deiliskipulag fyrir Esjumela enn sem komið er.
4. Reykjavíkurborg hefur ekki með formlegum hætti boðið umræddum aðilum nýjar lóðir fyrir rekstur sinn.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi